

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. janúar 2009
Tilvísun: UST20081200081/sá

Með bréfi, dags. 11. desember 2008, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009-2013. Er þar vikið að undirbúningi og aðferðum við undirbúning friðlýsinga. Segir í tillögunni að undirbúningur friðlýsinga sé í höndum Umhverfisstofnunar sem beri að gera drög að friðlýsingu og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 58. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Með drögum að friðlýsingu sé m.a. átt við afmörkun viðkomandi svæða nákvæmar en gert er í náttúruverndaráætlun og nánari skilgreiningu markmiða og skilmála friðlýsingarinnar og vinna tillögur um reglur svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að með friðlýsingu eru settar reglur um landnotkun, framkvæmdir og aðrar athafnir á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun telur að þær takmarkanir á athafnafrelsi og eignarráðum sem ákveðnar eru þurfa að vera skýrar. Stofnunin telur því rétt að hugað verði að formi friðlýsingar hverju sinni. Ljóst er að stjórnvaldsfyrirmæli nægja ekki alltaf til að ná fram nauðsynlegri vernd þar sem verulegir einstaklingsbundnir hagsmunir eru fyrir hendi. Hugsanlega mun því þurfa atbeina Alþingis til að friðlýsing nái fram að ganga í einhverjum tilvikum.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um stöðu framkvæmdar náttúruverndaráætlunar 2004-2008. Umhverfisstofnun telur rétt að víkja nokkrum orðum að framgangi mála frá framlagningu tillögunnar til áramóta. Fram kemur að Umhverfisstofnun telji unnt að friðlýsa nokkur svæði fyrir árslok 2008 þar sem m.a. vinna við friðlýsingarskilmála var langt komin eða áhugi sveitarfélaga mikill á friðlýsingu viðkomandi svæða.

1) Staða friðlýsingar svæða undir fyrirsögninni B, svæði sem gert er ráð fyrir að verði friðlýst fyrir lok árs 2008 (bls 13) er eftirfarandi:

Umhverfisstofnun sendi umhverfísráðuneytinu þann 19. desember 2008 tillögu að friðlýsingu

Vatnshornsskógar í Skorradal. Búist er við að auglýsing um friðlýsingu svæðisins verði undirrituð á næstu dögum eða vikum.

Fram kemur í tillögunni að gert hafi verið ráð fyrir að unnt yrði að friðlýsa svæði sem kennd eru við Vestmannaeyjar fyrir lok framkvæmdatíma áætlunarinnar. Leitað var samkomulags við Vestmannaeyjabæ á lokamánuðum ársins 2008. Ekki náðist að ljúka málinu fyrir árslok þrátt fyrir að niðurstaða hafi legið fyrir um drög að auglýsingu um friðlýsingu svæðisins. Vestmannaeyjabær taldi nauðsynlegt að af hálfu ríkisins yrði veitt fjármagni til vöktunar svæðisins á næstu árum. Slíkt fjármagn er ekki fyrir hendi að svo stöddu og hefur því ekki tekist að ljúka friðlýsingunni.

2) Staða friðlýsingar svæða undir fyrirsögninni C, svæði sem kunna að verða friðlýst fyrir lok árs 2008 (bls. 14) er eftirfarandi:

Álftanes - Skerjafjörður: Umhverfisstofnun gerði upphaflega ráð fyrir því í vinnuferli friðlýsingarinnar að friðlýsa svæðið sem eina heild. Mat stofnunarinnar er það að vinna þurfi auglýsingu fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Sveitarfélögin Álftanes og Garðabær hafa lýst yfir vilja til að friðlýsa svæðið með þessum hætti og eru nú lokadrög að friðlýsingarskilmálum til umsagnar hjá bæjarstjórn Garðabæjar. Gert er ráð fyrir því að Gálgahraunssvæðið verði undanskilið Skerjafjarðarsvæðinu (búsvæðaverndun) og verði friðlýst sem friðland. Sveitarfélagið Álftanes samþykkti á bæjarstjórnarfundi þann 11. desember síðastliðinn að fela bæjarstjóra að vinna að friðlýsingu svæðisins með Umhverfisstofnun. Því er við að bæta að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst yfir áhuga á að friðlýsa sjávar- og strandsvæði bæjarfélagsins sem liggja að Álftanes-Skerjafjarðarsvæðinu þar sem um búsvæðavernd fugla er um að ræða.

Látrabjarg - Rauðasandur: Umhverfisstofnun hafði ekki tök á að vinna frekar að friðlýsingu svæðisins síðla árs 2008 eins og vonast hafði verið til.

Geysir í Haukadal: Ekki var unnt að vinna að friðlýsingu svæðisins þar sem ekki hefur verið gengið frá breytingum á eignarhaldi svæðisins. Sérstök nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hefur unnið að undirbúningi þess en ekki liggur fyrir niðurstaða hvað það varðar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að svæðið verði friðlýst sem fyrst þar sem ábyrgð á umsjón með svæðinu er óljós og áhyggjur hafa komið fram um öryggi ferðamanna á svæðinu.

3) Umhverfisstofnun bendir á að engar breytingar eru að svo stöddu vegna svæða sem talin eru upp undir fyrirsögninni D. Svæði sem ekki er talið unnt að friðlýsa fyrir árslok 2008 (bls. 15), né heldur vegna svæða undir fyrirsögninni E. Svæði þar sem ekki er talið að friðlýsing nái fram að ganga að svo stöddu (bls. 16).

Í þingsályktunartillögunni er ekki gert ráð fyrir fjármagni til undirbúnings áætlunarinnar á yfirstandandi ári. Ekki er því unnt að hefja vinnu við framkvæmd áætlunarinnar nema að litlu leyti fyrr en árið 2010. Ekki er heldur gert ráð fyrir fjármagni til að setja af stað rekstur á svæðunum fyrr en árið 2010. Áformuð heildarfjármögnun á ári vegna reksturs fyrirhugaðra 13 svæða er 17 m.kr. sem jafngildir 1,3 m.kr. á hvert svæði. Vegna þessa takmarkaða fjármagns telur Umhverfisstofnun ekki unnt að gera ráð fyrir landvörslu á öllum svæðum. Vart verður unnt að ráðstafa fjármagni til fræðslu, uppbyggingar og vöktunar á svæðunum. Þá bendir stofnunin á að friðlýsing er ótímabundin ákvörðun og því eðlilegt að gert sé ráð fyrir

árlegum fjárveitingum til reksturs þeirra svæða sem eru friðlýst en ekki aðeins fjármagni til fjögurra ára.

Virðingarfyllst

Halti J Guðmundsson

Halti J Guðmundsson

Sigrún Agústsdóttir

Sigrún Agústsdóttir